



9. nóvember 2020
Tilv.: 2010176

Efni: Dreifibréf til rekstraraðila sérhæfðra sjóða og rekstrarfélaga verðbréfasjóða

Númer: 27/2020

Efni: Drög að reglum um um ársreikninga rekstrarfélaga verðbréfasjóða, rekstraraðila sérhæfðra sjóða, verðbréfasjóða, fjárfestingarsjóða og annarra sjóða í rekstri þeirra.

Seðlabanki Íslands hefur gefið út umræðuskjal nr. 5/2020 sem inniheldur drög að nýjum reglum um ársreikninga rekstrarfélaga verðbréfasjóða, rekstraraðila sérhæfðra sjóða, verðbréfasjóða, fjárfestingarsjóða og annarra sjóða í rekstri þeirra. Um er að ræða reglur sem er ætlað að koma í stað reglna nr. 97/2004, um reikningsskil verðbréfasjóða, sbr. breytingarreglur nr. 1065/2009, og reglur nr. 1060/2015 um ársreikninga verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða. Reglurnar verða settar með stoð í 1. tl. 2. mgr. 117. gr. laga nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða og 2. mgr. 88. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002.

Með dreifibréfi þessu gefur Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (Fjármálaeftirlitið) viðtakendum kost á að koma á framfæri athugasemdum við drögin. Skjölin eru birt á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins, <https://www.fme.is/log-og-tilmaeli/umraeduskjol/>

Fjármálaeftirlitið óskar eftir því að athugasemdir umsagnaraðila við meðfylgjandi umræðuskjal berist eigi síðar en 23. nóvember nk. Óskað er eftir að umsagnir séu ritaðar á þar til gert umsagnareyðublað sem finna má á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins, sbr. nánari skýringar í meðfylgjandi umræðuskjali. Umsagnareyðublaðið skal sent á netfangið fme@sedlabanki.is

Virðingarfyllst,
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Rannveig Jóníusdóttir
framkvæmdastjóri
skrifstofa bankastjóra

Guðrún F. Þórðardóttir
forstöðumaður
skrifstofa bankastjóra